

Tónmennt 4

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur þjálfist í að syngja í hóp, læri lög og ljóð, þjálfist taktskyn og virka hlustun. Einnig notkun skólahljóðfæra, að semja tónverk og tjá sig með viðeigandi hugtökum um tónlist.

Námsgögn sem við notum:

Hljóðupptökur, myndbönd, sönglög, hljóðfæri

Kennsluhættir í lotunni:

Tónlistariðkun, hlustun, sköpun, tjáning, bein kennsla, jafningjafræðsla, hreyfing og dans.

Námsmat:

Endurgjöf í kennslustundum, símat, gátlistar. Mikil áhersla á þátttöku í verkefnum hvers tíma.

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 1.-4. bekk - Menningarläsi

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.
- Lagt mat á eigin verk.

Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk - Tónmennt

- Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.
- Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna.
- Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög).
- Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.
- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.